


Kjarvalsstaðir:

Á haustsýningunni


Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna stendur nú yfir í báðum sölum Kjarvalsstaða. Þar eru sýnd 197 verk eftir 60 listamenn, 39 félagsmenn og 21 utanfélagsmann, en alls bárust sýningarnefndinni 366 verk. Gestur sýningarinnar er Louisa Matthías-

dóttir, en hún hefur lengi verið búsett í Bandaríkjunum þar sem hún er kunnur málari og hefur aukið hróður Íslands með myndum sínum, en mest af fyrirmyndum sínum sækir hún í íslenskt landslag og mannlíf. Við birtum hér myndir af nokkrum verkum á

haustsýningunni, en formaður sýningarnefndar er Einar Þorláksson listmálari. Haustsýningin mun standa til 22. sept. n.k.



Louisa Matthíasdóttir er gestur sýningarinnar. Hér er ein af myndum hennar.




Vetrarsólhvörf á Holtavörðuhéiði. Málverk Agústar F. Petersens.




Frá Mýrdal. Pastelmynd Jóhannesar Geirs.




Louisa Matthíasdóttir. Sjálfmynd.




Jónsmessunótt. Málverk Eiríks Briem.



Eiríkur Kristófersson skipherra. Málverk Örlýgs Sigurðssonar.




Fyrir róður. Málverk Gísla Sigurðssonar.



Gönguferð. Málverk Einars Hákonarsonar.



Á skeiði. Höggmynd Sigrúnar Guðmundsdóttur. Ljósmyndir Mbl. Brynj. Helga.



Sumarbústaður. Málverk Ragnheiðar Jónsdóttur Ream.